

- 37.** 10. apríl. — 2. að styrkurinn sje veittur til þess, að þau taki þátt í æfingum í sjúkra-medferð (clinisk cursus) á fæðingastofnuninni, og til þess, að þau kynni sjer sjúkrahús og lyfjabúðir þar í staðnum, og stendur á sama, á hverju af þessu fyrst er byrjað.
3. að upphæð mánaðarstyrksins sje ákveðin til 50 kr., sem greiðist fyrirfram hinn, 1. dag í hverjum mánuði og ekki nema fyrir 1 mánuði í senn.
4. að styrkurinn, ef nægilegt sje er veitt til þess og ákvörðun fjárveitingarinnar leyfir það, venjulega veitist af háskólaráðinu fyrir 8 mánuði, en geti þó fengizt fyrir lengri tíma, eptir tillögum umsjónarmanns og með ofanefndu skilyrði.
5. að háskólaráðið sjetji umsjónarmann (ephorus), sem liti eptir, að læknaefnin noti dvöl sína í Kaupmannahöfn eins og til er ætlast, og að öðru leyti aðstodi þau með ráðum og leiðbeiningu, beiðist, að fenginni vissu fyrir að hlutaðeigendur einatt gæti þess, sem til er ætlast af þeim, útborgunar mánaðarstyrksins handa þeim frá gjaldkera háskólans, og sendi háskólaráðinu tillögur sínar, þegar svo stendur á, að styrksins er beiðzt um lengri tíma en hina venjulegu 8 mánuði og hann er orðinn þess vísari, að nægilegt sje sje fyrir hendi.
- Jafnframt því að tjá stiptysisfrvöldunum hið framanritaða til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg geta þess, að læknaefni, er fara hjeðan til Kaupmannahafnar til að leita sjer hinnar lögbodnu kennslu á fæðingarstofnuninni, muni samkvæmt fyrir-mælum ráðgjafans eptirleiðis að eins fá ávísað hjer af styrki þeim, sem ákveðinn er með konungsráskurði frá 21. oktbr. 1871¹⁾, 150 kr. til að standast kostnaðinn við þessa ferð, en að þau eigi von á að fá áþekkan ferðastyrk útborgaðan í Kaupmannahöfn, er þau að loknu námi fara heim aptur.

- 38.** 11. apríl. — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um eptirlit með framtali til vínfangagjalds.* Út af því að sýslumaðurinn hafði getið um það, að lausakaupmaður, er beiðzt hafði endurborgunar á tolli fyrir vínföng, er leikið höfðu niður á ferðinni hingað til landsins, hefði látið rita á tollsedilinn óvenjulega mikið af víni, sem ætlað handa skipverjunum, var brýnt fyrir sýslumanni, að honum væri skylt að hafa sterkt eptirlit á, að gjaldfrelsið fyrir vín það, sem haft er meðferðis, er handa skipverjunum sjálfum, verði eigi misbrúkað til að draga vínföng, sem ætluð eru til góðgjörða handa viðskiptamönnum kaupmanna við lausakaup («spandage»), handa fiskimönnum, ef skipið er gjört út til fiskiveiða, eða handa öðrum mönnum, sem eigi verða taldir með skipverjum, undan gjaldi því, er hvílir á öllum þeim vínföngum, er flutt eru til landsins til þess að eyðast þar eða á skipum kring um strendur þess.

- 39.** 15. apríl. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um til-sögn í innanbæjarbúsýslu.* Amtmanninum var tjáð, að Önnu Pálsdóttur Melsted hefði verið veittur áþekkur styrkur og í fyrra til þess eptir nánari samkomulagi við búnaðarfjelag suðuramtsins að veita þeim, er þess kynnu að óska, tilsógn í mjólkurstörfum og annari innanbæjarbúsýslu.

- 40.** 18. apríl. — *Brjef landshöfðingja til biskups um lán til að byggja upp kirkju.* — í erindi, sem jeg meðtók með þóknanlegu brjefi herra biskupsins frá 11. þ. m. og um-

1) Sjá auglýsingu 31. s. m. í Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands III 129.